

STARFSSKÝRSLA ÁGÚSTS ÁRNASONAR

HJÁ SKÓGRÆKT RÍKISINS

HVAMMI ÁRÍÐ 1979

Ársskýrsla 1979
Skógarvörðurinn
Hvammi, Skorradal.

1. Veðurfar ársins.

1. 1. Árið heilsaði með miklum snjó og vetrarríki og 6. janúar gerði ofsa veður í Skorradal með mikilli ísingu. Fimm raflínustaurar brotnuðu utantil í dalnum og miklar skemmdir urðu á símalínunum og girðingum. Janúar var allur snjóþungur í Skorradal og sérstaklega um miðbæ dalsins en það var sérstætt við snjóalög vetrarins að snjóbelti lá yfir Borgarfjarðardali frá Norð-Austri til Suð-Vesturs á fremur mjóu beltí meðan aðrir hlutar voru ekki snjóþungir. Janúar var talinn kaldasti janúar á þessari öld.

Heldur hlýnaði í febrúar, sérstaklega fyrrihluta mánaðarins en seinni hlutinn var kaldari. Febrúar var annar af tveim mánuðum ársins sem hitastig var nálægt því og í meðal ári.

Mars var mjög snjóþungur og þungfært var milli bæja í Skorradal. Það má telja að harðindi hafi verið allan marsmánuð og hann kvaddi með hörku byl.

Um miðjan apríl fer snjórað hlána og heldur að hlýna í veðri en samt var apríl venju fremur kaldur.

Máí var með eindæmum kaldur og þá sérstaklega fyrrihluti mánaðarins. Um 18. maí var getið um það í fjölmiðlum að það sem af væri maí væri það kaldasta sem mælt hefði hér á landi. Ís var á Skorradalsvatni fram yfir 20. maí. Fyrir sunnan vatnið voru snjófannir alveg niður að flaðarmáli fram yfir 25. maí.

Júní var óvenju kaldur og gróður kom sent til.

Júlí var fremur sólríkur en svalur. Sérstaklega var kalt á naturnar og algengt var að ekki væri nema um 2° hiti á nóttinni. Þann 23. júlí komst hiti yfir 20°.

Seinnihluti júlí og fyrrihluti ágúst var besti tími sumarsins og þá var fremur sólríkt og hlýtt. Eftir miðjan ágúst fer að kólna og norðanáttinni fylgdi þokuloft og kuldi og úrkoma og þannig helst fram eftir september. Þann 28. ágúst gerir hressilega rigningu og var það fyrsta verulega úrkoman í langan tíma. Úrkomuleysi sumarsins varð afdrifaríkt fyrir jólatrésrektina en þess vegna léystist ekki upp tilbúni áburðurinn sem dreift var í júlí.

8. sept var fyrsta frostnóttin er ég varð var við en ekki sá þá neitt á kartöflugrasi. Síðan gerði 2° frost áfaranótt 14. sept. og daginn eftir gerði byl, jörð varður alhvít en bylurinn endaði í rigningu og snjóinn tók upp samdægurs. September var talinn sá þriðji kaldasti á þessari öld.

Október var tiltölulega hlýrri en september og var talinn nærri meðallagi.

Veðurfar nóv. og des. var ekki fjarri því er búast má við á þeim árstíma með snjókomu, sveflalögum og hláku á víxl.

Ári 1979 var mjög kalt og sérstaklega vorið og haustið.

1. 2. Engar stöðugar veðurmælingar eru í Hvammi en í ágúst hófust veðurmælingar á Fitjum í Skorradal. Þar er þó ekki mæling á sólfari.

1.2. 1. Aðeins liggja fyrir tölur um meðalhita fjóra síðustu mánuði ársins en engin eldri meðaltöl veður stuðst við.

Nesti veðurathugunarstaður er Andakílsársvirkjun og læt ég meðaltöl þáan fylgja frá árunum 1949 - 1960.

Tafla yfir meðalhita C°.

Mánuður	Fitjar 1979	Andakílsársvirkjun 49 - 60
Sept.	4.4	8.3
Okt.	3.8	4.6
Nóv.	0.4	1.8
Des.	+ 1.5	+ 0.2

1.2.2. Úrkoma m m

Mánuður	Fitjar 1979	Andakílsársvirkjun 49 - 60
Sept.	120.4	133
Okt.	155.6	173
Nóv.	97.5	177
Des.	121.9	138

1.2.3 Sólskinsstundir: Engar mælingar

1.2.4. Meðalhiti júní - sept. Ekki liggja fyrir mælingar.

1.3. Hitastig undir frostmarki við jörð: Ekki til mælingar.

1.4. Tafla yfir hámarks og lágmarkshita: Ekki til mælingar.

2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

2. 1. Laufgun og lauffall birkis. Birki laufgaðist 10. - 15. júní og felldi laufið 29. sept. til 5. okt.

2. 2. Vöxtur.

Vöxtur flestra barrtrjátegunda var ekki svo slæmur sem venta mátti ef litið er á veðurfarið en sennilega hafa árssprotar notið góðs af sumrinu 1978. Algengt var að sjá að árssprotar þroskuðust ekki og var það sérstaklega áberandi á sitkagreni og þintegundum.

2. 3. Fræfall.

Fræfall á birki var lélegt. Nokkuð bar á könglum á stafafuru en engum könglum var safnað á árinu.

2. 4. Skaðar.

2. 4. 1. Frostskaðar voru ekki merkjanlegir, hvorki haust né vor. Ég tel að vanþroski árssprota sé ekki að kenna haustfrosti heldur bara af köldu síðsumri og hausti og of skömmum vaxtartíma. Það var ekki fyrir en undir miðjan júlí sem barrtré voru að byrja vöxt.

2. 4. 2. Skordýr voru ekki áberandi og ullu ekki merkjanlegum skaða framfar venju en furulúsir á stafafurrunni er heldur í framsókn.

2. 4. 3. Douglassveppurinn heldur áfram að herja á lerkið en virðist þó heldur vera í rénun.

2. 4. 4. Þónokkrar skemmdir urðu up undan snjóþunga efst í Skorradalshlíðum en þó minna en búast mátti við eftir svo snjóþungan vetur.

2. 4. 5. Fuglar og spendýr ullu ekki skaða svo ég viti í afgirtum skóglendum.

3. Starfsfólk.

Það var aðeins skógarvörður sem starfaði allt árið og hann er sá eini á staðnum er laun byggur samkvæmt launakerfi B S R B.

Í júní réðst til ársvinnu og verkstjórnar Skarphéðinn Þétursson. Hann er með fjölskyldu og flutti í verkstjóríbúð sem er viðbygging við starfsmannahús. Hans laun eru samkvæmt töxtum A S í 150 - 902.

Meðfylgjandi launatafla sýnir laun + launatengd gjöld eins og þetta er sundurlikað hjá launadeild. Þarna er einnig tala þeirra er komu á launaskrá hvern mánuð.

Mánuður	Stjórnun	Annað ASÍ	Samtals	Tala á launask.
Jan.	288.926.-	60.634.-	349.560.-	1
Febr.	1.070.288.-		1.070.288.-	
Mars	422.507.-		422.507.-	
Apríl	308.863.-		308.863.-	
Mai	422.507.-	393.656.-	816.163.-	7
Júní	486.443.-	1.441.704.-	1.928.147.-	10
Júlí	596.352.-	3.730.363.-	4.326.715.-	9
Ágúst	475.299.-	2.662.447.-	3.137.746.-	12
Sept.	507.163.-	2.988.444.-	3.495.607.-	9
Okt.	518.895.-	2.310.703.-	2.829.598.-	8
Nóv.	518.895.-	2.016.083.-	2.534.978.-	6
Des.	815.193.-	3.347.993.-	4.163.186.-	6
Samtals	6.431.331.-	18.952.027.-	25.383.358.-	

Þessu til viðbótar má geta þess að 19 Norðmenn voru hérna við gróðursetningu á trjáplöntum á Stóru-Drageyri frá 1. ágúst til 10. ágúst. Nokkrir þeirra voru líka við gróðursetningu á Ferstiklu og í Efri-Hrepp.

Iðnaðarmenn sem verktakar voru auk þessa í maí þann 29. til 31. þá tveir smiðir. Pípulagningarmaður var hér 21. 23. maí. Annan til sjötta júlí voru 3 smiðir.

Tveir menn frá Rannsóknarstöðinni á Mógilsá voru hér við vinnu í tilraunareitum 4. - 6. júlí.

4. Girðingar.

4. 1. Viðhald girðinga var svipað og í meðal ári og minna en vænta mátti eftir svo snjópungann vetur. Launakostnaður við girðingarviðhald var kr. 517.959.-

Efni til viðhalds.

Girðing	Járnstaurar	Renglur
Stóra-Drageyri	2	10
Hvammur	2	10
Selsskógur		2
Stálpastaðir	4	5
Bakkakot		5
Samtals	8	32

Auk þessa nokkuð af stagavír, bindivír, gaddavír, netstubbum og lykkjum.

4. 2. Nýjar girðingar.

Komið var upp fyrsta áfanga af Sarps- og Efstahéjargirðingu. Það eru 2.2 km fyrir sunan Fitjaá. Að nokkru girði í Fitjalandi, frá Keilufossi suður af bænum í Sarpi og

inn í Nóngil og þáan í Efstabejar landi innundir tún í Efstaba sunnan Fitjaár. Þetta er nokkuð erfitt land að girða á, mjög jarðgrunnt og grýtt og á köflum berar klappir svo mikið þurfti að nota grjótbór. Ekki tókst að ljúka öllum frágangi á þessum hluta, ennþá er eftir að ljúka undirhleðslu og undirgirðingum og bæta í renglum.

Efni er fór í þennan hluta girðingarinnar:

16 stk hornstólpar járnþípur
 218 - járnstaurar
 97 - renglur
 30 - rúllur gaddavír
 23 - net

130 kg stagavír og auk þessa bindivír og lykkjur.

Launakostnaður með launatengdum gjöldum var kr. 2.363.055.-

5. Skógarhögg

5. 1. Viður enginn hér.

5. 2. Jólatré. Mun minna var fellt af jólatrjúm en áætlað var en það var vegna þess hve trén voru gul. Sennilega var þessi guli litur á trjúnum vegna mjög lítillar úrkomu og lágs hita á vaxtatímanum. Byrjað var á að taka furugreinir og furutré síðast í október og einnig um 60 hnaustur af greni. Flest rauðgrenitrén voru felld síðast í nóvember og í byrjun desember. Farið var yfir mjög stórt sveði í leit að góðum jólatrjúm en eftirtekja var oft lítil og þess vegna kostnaður tiltölulega hátt.

Jólatré tekin á Stálpastöðum

Stærðarfl.	Rauðgreni	Sitkagr.	Hvítgreni	Stafafura	Alls
0.70-1.00	61		7	8	76
1.01-1.25	193	3	25	33	254
1.26-1.50	187	7	21	37	252
1.51-1.75	127	19	10	18	174
1.76-2.00	59	24	12	16	111
2.01-2.50	37	50	7	4	98
2.51-3.00	6	44			50
3 - 4		30			30
4 - 5		16			16
5 - 6		10			10
6 - 7		1			1
Alls	670	204	82	116	1072

Þessu til viðbótar um 1200 kg af furugreinum og 25 kg af rauðgrenigreinum.

Jólatré tekin í desember í Hvammi.

Stærðarfl.	Rauðgreni	Stafafura	Alls
0.70 - 1.00	212	55	267
1.01 - 1.25	404	61	465
1.26 - 1.50	208	100	308
1.51 - 1.75	96	45	141
1.76 - 2.00	19	15	34
2.01 - 2.50	8	3	11
2.51 - 3.00	3		3
Alls	950	279	1229

Auk þessa 288 kg furugreinar.

Launakostnaður við jólatrén var kr. 2.736.893.--

7. Gróðursetning.

Gróðursetning hófst óvenju seint vegna vorkulda og komst ekki í gang fyr en eftir miðjan júní.

Alls voru gróðursettar í Skorradal 56.045 plöntur, þar af í vorgróðursetningu 37.995. Til viðbótar þessu má geta þess að afgangsplöntur úr plöntusölu voru gróðursettar hér heimavið í Hvammi. Til dæmis var gert um 50 m langt língerði úr língerðisplöntum.

Þann 24. júní komu nokkrir gamlir nemendur frá Hvanneyri og skoðuðu Halldórslund og gróðursettu 50 plöntur af stafafuru.

Þann 5. október komu nemendur bændaeildar á Hvanneyri og gróðursettu 500 plöntur af sitkagrni í Hvammi. 1. - 10. ágúst voru hér 19 Norðmenn í Skorradal og gróðursettu 17.550 plöntur af sitkagreni á Stóru-Drageyri og 3.000 plöntur sömu tegundar á Ferstiklu og 2.000 sitkagreni í Neðri-Hrepp.

Í Hásafell var farið með 2.500 plöntur sem Kristleifur gróðursetti sjálfur. Þetta voru eftirtaldar tegundir:

Birki Vaglir	500
Blágreni H. S.	250
Sitkagr. Homer	500
Stafafura Haines	1.000
Lerki MoDo	250
	<hr/>
Alls	2.500

Aðrar styrkplöntur sem komið var til hlutaðeigandi þaja:

Oddstaðir Lundarreykjadal:

Birki Hall . 100 stk, sitkagr. Homer 200 og Stafaf. Skagw. 200 stk.

Hóll Lundarreykjadal

Birki Hálsar 200

Stafaf. Skagw. 200

Dagverðarnes, Skorradal

Rauðgreni Hemnes 500

Stafaf. Skagw. 500

Tafla yfir gróðursetningar Skógræktar ríkisins

Bakkakot

Tegund	Kvæmi	Aldur	Tala	Reitur	Plantað dag
Siberíul.	Altai	1/1	4.885 ^v	31	3/7 - 6/7.
Stafafura	Haines	1/2	3.750 ^v	32	12/7.
Sitkagreni	Homer	2/2	6.430 ^v	42	4. - 19/7.

Stóra-Drageyri

Birki	Vaglir	2/0	6.500 ^v	871	25. - 28/6
Sitkagr.	Homer	2/2	3.170 ^v	461	17/7.
Stafafura	Haines	1/2	300 ^v	461	18/7.
Sitkagreni	Homer	2/2	17.550 ^v	261	1/8. - 10/8.

Hvammur

Rauðgreni	Hemnes	3/3	400 ^v	621	18. - 20/6.
Rauðgreni	Hemnes	3/3	1.500 ^v	721	20. - 25/6.
Rauðgreni	Hemnes	3/3	900 ^v	711	25/6.
Rauðgreni	Hemnes	3/3	1.300 ^v	711	10/7.
Stafafura	Skagway	1/2	4.300 ^v	332	28/6 - 4/7.
Stafafura	Skagway	1/2	700 ^v	441	6/7.
Stafafura	Haines	1/2	1.950 ^v	441	6. - 18/7.
Sitkagreni	Haines	2/2	500 ^v	321	5/10.

Stálpastaðir

Broddfura	Hall.	2/3	1.000 ^v	321	26. - 27/6.
Bláugreni	H. S.	2/3	910 ^v	321	12/7.
Stafafura	Skagway	2/2	50 ^v	182	24/6.
Klettafura	Yms USA		9 ^v	1.11.4	30/10.

Samtals gróðursett í hverja girðingu:

Bakkakot 15.065^vStóra-Drageyri 27.520^vHvammur 11.550^vStálpastaðir 1.969^v

56.104

Birkigróðursetningin á Stóru-Drageyri er gerð til þess að mynda skjól á fyrirhuguðu tjaldstaði fyrir ferðafólk nærri Þjóðvegi rétt hjá þeim stað sem skíðalyfta var í gangi síðastliðinn vetur. Vantanlega þarf að koma upp snyrtiaðstöðu sem vel nýttist allt árið.

Bókuð vinnulaun við gróðursetningu voru kr. 1.990.045.-

8. Hirðing plantna.

Á Stálpastöðum var grisjað frá berrplöntun á rúmmlega 1 ha. Mest var unnið í október og nóvember að fráklippingu berrplantna í Hvammi og þar grisjaðir um 8 ha. Auk þessa var lauslega farið yfir með fráhreinsun um leið og jólatré voru felld og áburði dreift. Í jólimánuði var dreift um 30 pokum af Græði 7 og 20 pokum af Kjarða á 5 ha af jólatrésrekt í Hvammi.

Samanlagður launakostnaður var kr. 1.215.076.-

9. Byggingar.

9. 1. Viðhald. Í september og október var aðallega unnið að viðhaldsverkefnum.

Málað var bæði þak og veggir á verkstjóraíbúð í Hvammi. Borið var Bondex á alla glugga á starfsmannahúsi og á útihurðir á neðri hæð húsin.

Unnið var að breytingum og endurbótum á fjárhúsbragga í Hvammi og honum breytt í vélageymslu fyrir dráttarvélarnar. Brotinn var niður og fjarlægður steyptur garði með baðbró. Skipt var um jarðveg í gólfi og það ræst fram með rörum. Brotið var fyrir stórum dyrum á gafli og settar þar vængjahurðir. Nú er hægt að aka barna inn bæði dráttarvélunum og hálnum. Meiri endurbóta er þörf vegna þess hve mikið fennir inn í braggan.

Til þess að hægt yrði að koma vélum þarna inn varð að stækka planið við dyrnar og efnið í þá stækun var tekið þarna nærri frá bílastæðinu sem var svo stækkað um leið. Að nokkru vann þetta vélgrafa frá Skógrækt ríkisins á Selfossi en hún bilaði og eftir það varð að fá leigugrófu hér úr nágrenninu til að ljúka verkinu.

Viðhaldsverkefni er hér má nefna sá vinnuflokkurinn vann fyrir jarðeigendur í Hvammi var að endurbæta framsesu með nýjum rörum við sumarhús jarðeigenda. Launagjöld er jarðeigendur greiða eru samtals fyrir þetta kr. 812.146.-

9. 2. Nývirki. Í maí var unnið að ýmsu nývirki í starfsmannahúsinu í Hvammi. Settur var upp rafmagnshútakítur fyriralla bygginguna. Settar voru upp 4 haddlaugar og þvottahúsvaskur fyrir starfsfólk. Settir voru upp gluggakappar og gluggatjöld fyrir flesta glugga í starfsmannahúsi. Keyptir voru nýir svefnbækkir, borð og fataskápar í öll herbergi starfsmanna. Keypt voru húsgögn, borð og stólar í borðstofu mötuneytis og setustofu starfsfólks. Keyptir voru speglar á snyrtiherbergi. Keypt var uppþvottavél fyrir eldhús mötuneytis en hún kom það seint að hún var ekki sett upp í eldhúsinu á árinu. Allir gluggar voru slípaðir og lakkaðir. í starfsmannahúsinu.

Í júlímánuði var gengið frá nýju eldhúsi í íbúð fyrir verkstjóra. Settar voru upp hillur í búi við mötuneyti og í geymslu við skrifstofu.

Launakostnaður til verktaka: trésmiðir kr. 834.082.-, pípuþvingamenn kr. 85.057.- og rafvirkjar kr. 65.218.- en launakostnaður starfsmanna í Hvammi kr. 317.953.-

10. Vélar og verkfæri.

Fram til þessa hefur litlu verið varið í viðhald á jeppanum en í ár var töluverðu eytt í hann. Slípaðir voru ventlar í vél og gert við yfirbyggingu og jeppinn sprautaður. Þetta kostaði kr. 1.226.821.- Viðhaldskostnaður við aðrar vélar dráttarvél grjótbör og vélsagir var samtals kr. 571.805.-

Í mars var keyptur að Hvammi ný Zetor 6945 dráttarvél með drifi á öllum hjólum. Rétt seinna var keyptur snjóblásari fyrir Zetorinn með eignataðild að hálfu við Skorradalshrepp. Einnig var keyptur nýr sturtuvagn fyrir dráttarvélina. Öll þessi tæki reyndust með ágætum.

12. Ýmislegt.

12. 1. Ferðalög og fundahöld.

Ferðalög voru ekki mikil á árinu utan þess að fara á milli vinnustaða í umdæminu og fara kaupstaðarferðir í Borgarnes og til Reykjavíkur til útráttinga. Til Reykjavíkur sótti ég á árinu 8 fundi girðingarnefndar.

Þann 8. febr. hélt ég fyrirlestur um skógrækt hjá Rotary-klúbb Akranes.

23. febr. flyt erindi um skógrækt við bændaskólann á Hvanneyri.

19. - 24. mars sat ég starfsmannafund Skógræktar ríkisins í Reykjavík.

28. apríl sat ég aðalfund Skógræktarfélags Borgfirðinga í Borgarnesi.

7. - 11. maí kenndi ég skógrækt öllum þekkjum grunnskólans á Kleppjárnsreykjum. Þessa viku var breytt út af hefðbundinni dagskrá og bara kennd skógrækt, sund og dans. Kennslu í skógrækt var þannig hogað að rétt var við nemendur við hefi hvers aldurs- hóps um skóga og skógrækt, fjölgun trjáa og trjátegundir kynntar með greinasýnum í kennslustofu. Auk þessa komu allir nemendur í skóginn á Stálpastöðum og þar var rétt við þá og loks unnu allir við gróðursetningu á trjáplöntum í nágrenni við skólann. Öllum nemendum var gefin smá bréfpoki með nokkrum fræjum og nokkrir víðistíklingar. Þetta þótti takast mjög vel.

30. júní sat ég aðalfund Náttúruverndarsamtakana á Vesturlandi, sem haldinn var í Borgarnesi.

1. - 15 ágúst tókum við hjónin þátt í skógræktarferð Skógræktarfélags Íslands til Troms í Norgi.

31. ágúst til 2. sept sat ég aðalfund Skógræktarfélags Íslands að Varmahlíð í Skagafirði.

11. október fór ég með Baldri Þorsteinssyni í Húsafell en skógræktarstjóri hafði falið honum að gera skógræktaráætlun fyrir Húsafellsskóg.

19. og 20. október sat ég fræðslufund um vandamál plöntu- uppeldis í Garðyrkjuskólanum í Hveragerði.

24. nóvember sat ég aðalfund Landverndar í Reykjavík en var þar fulltrúi Náttúruverndarfélagi Vesturlands.

12. 2. Ferðafólk.

Lítill fyrirgreiðsla er fyrir ferðafólk í löndum Skógræktar ríkisins í Skorradal og engar tekjur af ferðafólki. Ruslatunnur voru hafðar þar sem helst er tjaldað og þar losaðar eftir þörfum en hvergi er hreinlætisaðstaða.

12. 3. Gestir Skógræktarinnar.

Nokkuð er erfitt að greina á milli gesta í skóglendum og ferðafólks. Á árinu var einkennandi hve mikið af skólafólki kom í heimsókn í skóginn á Stálpastöðum. Nemendur grunnskólanna í umdæminu: Andakílsskóla, Kleppjárnsteykjaskóla og á Akranesi komu í Stálpastaði, skoðuðu skóginn og talað var við þá um skógrækt og allir fengu nokkra víðistíklunga og dálítinn fræpoka með blöndu af birkiþræi, broddfuru og lúpínu. Ég tel að þetta hafi verið mjög vinsælt og heppnast vel. Auk fyrgreindra skóla komu einnig í Stálpastaði nemendur Bændaskólans á Hvanneyri, Garðyrkjuskólans í Hveragerði og Samvinnuskólans á Bifrost.

Aðra hópa má nefna sem héldu skógardag á Stálpastöðum: Skógræktarfélag Borgfirðinga, Rotadyklúbburinn á Akranesi, Lionsklúbbur Borgarfjarðar og Starfsmenn Þjóðhagsstofnunar.

Af einstalingum má nefna ágata gesti Olaf Knutsen formann norsku skógræktarfélaganna, Egil Hansen garðyrkjuskólakennari og frú frá Noregi og Grétar Unnsteinsson skólastjóri Gaðyrkjuskóla ríkisins og frú.

12. 4. Annað.

Það má telja til tíðinda að þann 20. febr. var sjálfvirkur-sími tengdur í Hvamm.

Þann 1. maí flutti skógarvörður með fjölskyldu í nýtt hús er Skorradalshreppur byggði í Hvammshlíð og Skógrækt ríkisins tók á leigu fyrir skógarvörð. Þetta er ánægjulegur áfangi að fá íbúð eftir 20 ára starf á staðnum.

Hvammi í mars 1980

